

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga- byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun og deiliskipulagsbreytingu:

1. *Deiliskipulag tveggja frístundalóða í Útey í Laugardal, Vesturey 1 og 2.*
Gert er ráð fyrir að núverandi 1 ha lóð verði skipt í tvær 5.000 m² lóðir, þar sem heimilt verður að reisa allt að 120 m² frístundahús og allt að 25 m² aukahús. Um 40 m² hús er til staðar á annarri lóðinni.
Samþykkt í sveitarstjórn 9. janúar 2007.
2. *Breyting á deiliskipulagi í Úthlíð í Biskupstungum, Rjúpnabraut 9, 9a og 9b.*
Gert er ráð fyrir að tvær lóðir bætist við fyrir ofan Rjúpnabraut 9, Rjúpnabraut 9a og 9b, báðar lóðirnar eru 5.000 m². Heimilt verður að reisa allt að 150 m² frístundahús og allt að 20 m² gestahús/geymslu.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. júní 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2007